

AUGLÝSING

71

4. júní

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 16. maí 1951 var undirritaður í Prag viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Samkvæmt samningi þessum, er gildir frá 1. maí 1951 til 30. apríl 1952, er gert ráð fyrir, að Íslendingar selji Tékkum hraðfrystan fisk, fiskimjöl, síld, lýsi o. fl., en frá Tékkóslóvakíu er meðal annars gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvörum, pappír, búsaðhöldum, vélum og verkfærum, járn- og stálvörum, skófatnaði, tunn-um o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 4. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

BRÁÐABIRGÐALÖG

72

16. júní

um breyting á lögum nr. 117 28. desember 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að framleiðslugjald af síldar-afurðum, sem renna á til hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins, sé miðað við útflutningsverðmæti og sé framleiðslugjaldið því mikið hærra af þeirri síld, sem fer til sóltunar en þeirri síld, sem fer til bræðslu og sé hætta á því að þetta misræmi dragi úr síldarsóltun. Þá sé og hag síldarútvegsmanna svo komið eftir undanfarin sex aflaleysisár að þörf sé á að lækka framleiðslugjaldið, enda hafi það verið algerlega afnumið af öðrum sjávarafurðum. Til þess að bæta úr framangreindu misræmi, svo og til þess að létta undir með síldar-útvegnum þyki hentugast að lögnum verði breytt á þá leið, að framleiðslugjaldið verði miðað við fersksíldarverðið en ekki við útflutningsverðmætið.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni eru hér með sett bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

3. málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á alla síld, sem lögð er á land til bræðslu eða sóltunar og skal það nema 8% af fersksíldarverðinu. Sama gjald skal greiða af útflutningsverðmæti beitusíldar. Ef sumaraflí er minni en 6000 mál að meðaltali á skip skal gjaldið allt, að undanteknu framleiðslugjaldi af útfluttri beitusíld, endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumaraflí er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til síldardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.

72
16. júní

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört að Bessastöðum, 16. júní 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

73
16. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 9 6. febrúar 1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið hafi verið með lögum nr. 9/1951, að laun skyldu ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. En í janúarmánuði voru laun miðuð við vísitölu 123. Jafnframt hafi svo verið ákveðið í 2. gr. laganna, að bændur mættu ekki hækka verð landbúnaðarvara nema fyrir dreifingar- og vinnslukostnaði, en kaup bóndans í gildandi verðlagsgrundvelli, sem þá hafi verið miðaður við vísitölu 115, eða 8 stigum lægri. Við setningu þessara laga á Alþingi hafi því verið lýst yfir af hálfu beggja stjórnarflokkanna, að ef kaupgjald hækkaði samkv. kjarasamningum fyrir 1. september n. k. þá yrði ekki hjá því komizt, að heimila bændum hliðstæða hækkun. Kaup hafi nú hækkað samkvæmt kjarasamningum og hafi því framleiðsluráð landbúnaðarvara hækkað söluverð landbúnaðarafurða á grundvelli téðra yfirlýsinga. Þar sem dregið sé í efa, að þessi verðhækkun hafi við lög að styðjast, þyki brýna nauðsyn til bera að taka af öll tvímæli um gildi þessara verðlagsákvæðana.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., komi ný grein, svohljóðandi:

Nú hækka laun samkvæmt 1. málslíð 1. gr. áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvellingnum hækki tilsvarendi frá sama tíma og launahækkunin verður.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört að Bessastöðum, 16. júní 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.